



Garðyrkjuskólinn Reykjum
Fjölbautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

YLMA3HA07

Ylræktun matjurta I

Kennari:	Gerður Eðvarsdóttir (gerdur.edvarsdottir@fsu.is)
----------	---

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
ILMA3HA07 - Ylræktun matjurta I	6 fein	4
Lýsing Fjallað ítarlega um ræktun á tómötum, gúrku og papriku. Tekin eru fyrir eftirfarandi atriði í umfjöllun um hverja tegund: uppruni, grasafræðileg lýsing, latneskt heiti, yrki, fjölgun, uppeldi, útplöntun, vaxtarrými, rótarbeðsefni, beðgerðir, vökvun, áburðarþörf og valkosti við áburðargjöf, hitakröfur, vöxtur og þroski, blóm- og aldinmyndun, almenn umhirða, plöntuvernd, uppskerustörf, geymsla og vörumeðhöndlun, skipulag og ræktunaráætlanir. Lífræn ylræktun ofangreindra tegunda kynnt.		
Forkröfur PLVE2FV05 (Plöntuvernd), PLEF3FV05 (Plöntulífeðlisfræði), ALYL3FV06 (Almenn ylræktun)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• Helstu yrkjum á tómötum, gúrkum og papriku í ræktun í gróðurhúsum á Íslandi.• Flokkunarfræði viðkomandi tegunda og grasafræðilegri lýsingu þeirra.• Fjölgunaraðferðum sem notaðar eru við þessar tegundir.• Ræktunartækni og umhirðu tegundanna við ræktun í gróðurhúsum.• Aðferðum sem notaðar eru við plöntuvernd í þessari ræktun.• Uppskeruaðferðum og meðhöndlun og geymslu afurða fram að sölu.• Helstu þáttum varðandi lífræna ræktun þessara tegunda í gróðurhúsum.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• Hafa yfirsýn yfir ræktun tómata, gúrka og papriku í gróðurhúsum, metið með kynningu.• Bera saman kosti og galla mismunandi yrkja þessara tegunda í ræktun í gróðurhúsum, metið með rökstuðningi.• Setja upp viðeigandi áætlun um stýringu umhverfisþátta, metið með kynningu og rökstuðningi.• Setja saman ræktunaráætlanir fyrir ræktun þessara tegunda í gróðurhúsum og fylgja þeim eftir, metið með rökstuðningi og kynningu.	

<p>Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greina og flokka helstu gerðir af tómötum, gúrkum og papriku í ræktun í gróðurhúsum á Íslandi. • Fjölga viðkomandi plöntutegundum með viðurkenndum aðferðum. • Beita viðeigandi tækni við ræktun og umhirðu þessara tegunda í gróðurhúsum. • Beita viðeigandi aðferðum við plöntuvernd, uppskeru, meðhöndlun og geymslu afurða fram að sölu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Tryggja gæði afurða sinna með viðeigandi aðferðum við plöntuvernd, uppskeru og meðhöndlun fram að sölu, metið með verksskipulagi, frágangi og útsjónarsemi • Miðla til annarra hvernig ræktun á tómötum, gúrkum og papriku í gróðurhúsum fer fram, metið með kynningu.
<p>Námsmat Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda, skriflegt próf</p>	
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Vettvangsheimsóknir. Verklegar æfingar í uppeldi og ræktun í gróðurhúsum. Hluti af áfanganum er verkefnavinna..</p>	
<p>Tenging við grunnþætti Nemendur læra að lesa í ræktun sína með gæði að leiðarljósi. Sjálfbærni: Ræktun í gróðurhúsum byggir á útsjónarsemi og því að bóndinn sé sjálfbær að sem mestu leyti. Lýðræði og mannréttindi: Framleiðsla matjurta í gróðurhúsum tryggir neytendum aðgang að ferskum matvælum sem má túlka sem sjálfsögd mannréttindi.</p>	
<p>Dags.: 16.9.2013 Höfundur: Guðríður Helgadóttir</p>	

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dags.	Tími	Efni	Verkefni
1	29.8.2023	09:00 – 15:45	Staðarlota - inngangur og kynning áfanga, heimsókn í garðyrkjustöð.	Skýrslur úr vettvangsferðum-samtals 10%
2	8.9.2029	9:00 – 15:45	Tómatar- saga, grasfræðileg lýsing, blóma- og aldinmyndun og sáning.	
3	15.9.2023	9:00– 15:45	Val á rótarbeðsefni, fyrirkomulag ræktunar, útplöntun, vökvun, áburðagjöf, hiti, loftraki, CO2 gjöf, umhirða og vaxtarstýring.	
4	18.09. 23	12:45-15:45	Uppskeyra, aldingæði, meindýr, sjúkdómar, kvillar.	

4	22.9.2023	9:00 – 12:00	Vetrarræktun, lýsing, milliplöntun, yrkjaaval og markaðssetning.	Verkefni/próf 10%
5	26.9.2023	09:00–15:45	Staðarlota - heimsóknir í garðyrkjustöð	Skýrsluskil
6	6.10.2023	9:00 – 15:45	Gúrkur, saga, grasfræðileg lýsing, forræktun, rótarbeðsefni, útplöntun, uppbinding, niðurlagning, vökvun, áburðargjöf, CO2 gjöf.	
7	13.10. 23	9:00 –15:45	Hiti, loftraki, umhirða, stofngúrkur, umplöntun	
8	20.10. 23	9:00 – 15:45	Heilsársræktun gúrkna, uppskera, geymsla, aldingæði.	
9	27.10. 23	9:00 – 15:45	Sjúkdómar, meindýr, kvillar, hreinsun og sótthreinsun húsa.	Verkefni/próf 10%
10	31.10. 23	9:00 – 15:45	Staðarlota - heimsókn í garðyrkjustöð, verkefni.	Skýrsluskil
11	10.11. 23	9:00 – 15:45	Paprika – saga, grasfræðileg lýsing, blóm- og aldinmyndun, sáning, forræktun, rótarbeðsefni og ræktunarfyrirkomulag.	
12	17.11. 23	9:00 – 15:45	Gróðursetning, vökvun, áburðargjöf, hiti, lotfraki, CO2, tilskurður, afblöðun og toppun.	
13	22.11. 23	9:00 – 15:45	Uppskera, aldingæði, meindýr, sjúkdómar, kvillar, vetrarræktun, lýsing, yrkjaaval og markaðssetning.	Verkefni/próf 10%
14	1.12.2023	9:00 – 15:45	Yfirferð og upprifjun fyrir próf.	
15	8.12.2023	9:00 – 12:00	Lokapróf.	60%

Námsefni:

Efni samantekið af Garðari R. Árnasyni á pdf formi, einnig hægt að fá útprentað á skrifstofu gegn vægu gjaldi.

Glærur frá kennara og efni á pdf formi, umræður í tímum, heimsóknir í garðyrkjustöðvar.

Skipulag námskeiðs

Kennsla fer fram með fyrirlesturum og heimsóknum á garðyrkjustöðvar.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að prenta sjálfir.

Staðarlotur: Mætingaskylda er hjá fjarnemum í lotuvikum. Mikilvægt er að nemar taki þátt í heimsóknnum, þar sem skila þarf skýrslum eftir heimsóknir sem eru hluti af lokamati áfangans.

Upptökur og streymi: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

Námsmat: Þátttaka í heimsóknnum í lotuviku, skýrsluskil, 10%, verkefni/próf 30%.
Skriflegt lokapróf gildir 60% af lokaekinnun áfangans. Lágmarkseinkunn á prófi er 5.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóli - FSU, Reykjum, 26. ágúst 2023

Gerður Eðvarsdóttir